

Föstudaginn 14. október 1960.

Nr. 29/1960. **Ákærvaldið** (Egill Sigurgeirsson hrl.)

gegn

Tryggva Gunnarssyni

(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Brot gegn 1. mgr. 142. gr. og 2. mgr. 200. gr. laga nr. 19/1940 og 44. gr. laga nr. 29/1947. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði var við sjómennsku í Vestmannaeyjum á vetrarvertíðinni 1957, þá á 26. aldursári. Komst hann þar í kynni við telpuna X, sem varð 14 ára 9. febrúar 1957. Eftir frásögn þeirra beggja fyrir dómi hafði telpan komið oftast en einu sinni í hús það, þar sem ákærði og fleiri sjómenn höfðu svefnstað, og kveður hún, að þá hafi komið fyrir, að ákærði hafi kysst hana. Að kvöldi hins 23. marz 1957 hitti ákærði telpuna á götu. Tók hann hana þá með sér heim í svefnstað sinn og hafði þar samfarir við hana, svo sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi. Samkvæmt framburði ákærða og telpunnar verður við það að miða, að þetta hafi verið fyrstu samfarir telpunnar. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms hefur ákærði gerzt brotlegur við 2. mgr. 200. gr. laga nr. 19/1940 og 1. mgr. 44. gr. laga nr. 29/1947.

Þá hefur ákærði með því að telja eitt vitni á að bera vísitandi rangt fyrir dómi og gera tilraun til að koma öðru vitni til hins sama gerzt brotlegur við 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 1. mgr. 22. gr. sömu laga og, að því er tilraunina varðar, sbr. einnig 1. mgr. 20. gr. laganna.

Þykir refsing ákærða með hliðsjón af 1. mgr. 77. gr. laga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og greiðslu sakarkostnaðar í héraði staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með

talin málflytningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 3000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Tryggvi Gunnarsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sviptingu réttinda og greiðslu málskostnaðar í héraði staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, Egils Sigurgeirssonar og Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmannna, kr. 3000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði

**hæstaréttardómaranna Árna Tryggvasonar og
Jónatans Hallvarðssonar.**

I.

Héraðsdómari lét undir höfuð leggjast að hlutast til um lækni skoðun á stúlkunni X, þegar er mál þetta kom upp hinn 23. marz 1957, og var slík skoðun eigi framkvæmd fyrr en 30. marz 1957. Einar læknir Guttormsson, sem þá skoðun framkvæmdi, hefur vottað, að meyjarhaft stúlkunnar hafi þá reynzt rofið, án þess að séð yrði, hvenær það hefði gerzt. Að svo vöxnu máli verður eigi í refsímáli við það miðað, að um fyrstu samfarir stúlkunnar hafi verið að tefla, enda verður í því efni ekkert örugglega ráðið af skýrslum hennar og ákærða.

Samkvæmt vætti föður stúlkunnar eftir uppsögu héraðsdóms var hún bráðþroska og stór eftir aldri, er atvik þau gerðust, sem mál þetta er af risið. Þegar litið er til afstöðu og viðbragða stúlkunnar í skiptum hennar og ákærða, sem lýst er í héraðsdómi, þá þykir eigi þrátt fyrir aldursmun aðilja öruggt að staðhæfa, að ákærði hafi með misbeitingu afstöðu og yfirburða fengið stúlkuna til samfara eða á saknæman hátt leitt hana á siðferðilega glapstigu.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, ber að sýkna ákærða

af ákæru um brot gegn 2. mgr. 200. gr. laga nr. 19/1940 og 1. mgr. 44. gr. laga nr. 29/1947.

II.

Hlutdeild ákærða og tilraun ákærða til hlutdeildar í röngu vætti eru í héraðsdómi færð til rétttra refsíákvæða. Þykir refsing ákærða fyrir það atferli hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og sakarkostnað ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Tryggvi Gunnarsson, sæti fangelsi 4 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Egils Sigurgeirssonar og Ólafs Þorgrímssonar, kr. 3000.00 til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 27. ágúst 1959.

Ár 1959, fimmtudaginn 27. ágúst, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Þórði Björnssyni, settum sakadómarum, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3764/1959: Ákæruvaldið gegn Tryggva Gunnarssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. hinn 27. ágúst 1957, er opinbert mál höfðað gegn Tryggva Gunnarssyni verkamanni, Vesturgötu 68, hér í bæ, fyrir að hafa gerzt brotlegur við 2. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940 og 44. gr. laga nr. 29 frá 1947 um vernd barna og ungmenna, með því að tæla stúlkuna X, til heimilis að H-veg, Vestmannaeyjum, fædda 9. febrúar 1943, til samfara við sig, laugardagskvöldið 23. marz s.l. í herbergi ákærða á Hásteinsvegi 55, Vestmannaeyjum.

Enn fremur er málið höfðað á hendur ákærða fyrir að hafa:

I. Talið vitnið Gunnlaug Viðar Guðjónsson verkamann, Kamp Knox B-3 í Reykjavík, á að skýra rangt frá málavöxtum fyrir sakadómi Vestmannaeyja 26. marz s.l., með því að segja í nefndum rétti sannleikanum ósamkvæmt og gegn betri vitund, að X hafi komið inn í hús það, sem ákærði og vitnið Gunnlaugur bjuggu í, 4—5 mínútum á undan lögreglunni, en þetta brot ákærða þykir varða við 1. mgr. 142. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr., almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940.

II. Gert tilraun til að telja vitnið Óla Jónsson verkamann, Vesturbraut 1, Hafnarfirði, á að skýra rangt frá málavöxtum fyrir sama rétti og með sama hætti og greinir í lið, merktum nr. I, hér að framan, sem telja verður tilraun til hlutdeildar í röngum framburði, og þykir brot þetta varða við 1. mgr. 142. gr., sbr. 20. gr. og 1. mgr. 22. gr., almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur hinn 20. júlí 1931 í Reykjavík, og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

- 1949 19/5 Rv. Kærður fyrir reiðhjólþjófnað. Afgreitt til barnaverndarnefndar.
- 1950 25/8 Rv. Dómur: 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga, sviptur kosningarrétti og kjörgengi.
- 1951 30/7 Rv. Sátt: 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
— 23/7 GK. Sátt: 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
— 28/7 GK. Kærður fyrir tolllagabrot. Fellt niður.
- 1953 15/4 Kv. Sátt: 150 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.
— 3/10 Rv. Sátt: 350 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.
— 24/4 GK. Dómur: Varðhald 20 daga fyrir brot á 218. gr. hegningarlaga og 1., 4. og 9. gr. lsb. GK.
— 7/8 GK. Sátt: 300 kr. sekt fyrir tolllagabrot.
- 1954 22/10 Kv. Sátt 200 kr. sekt fyrir tolllagabrot.
- 1955 17/10 Kv. Sátt: 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1956 19/10 Kv. Sátt: 400 kr. sekt fyrir tolllagabrot.
- 1957 17/1 Rv. Dómur: 5 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
— 15/3 Kv. Dómur: 30 daga fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1957 15/5 Rv. Sátt: 200 kr. sekt, 500 kr. skaðabætur, fyrir ölvun og spellvirki.

— 28/11 Rv. Sátt: 200 kr. sekt fyrir ölvun.

Málavextir eru þessir:

I.

Ákærði kom til Vestmannaeyja hinn 27. janúar 1957 og fór að vinna í Vinnslustöðinni þar. Hann bjó í herbergi á Hásteinsvegi 55 með tveimur mönnum öðrum, en 11—12 menn aðrir bjuggu á sömu hæð.

Ákærði kveður, að ýmsar ungar telpur hafi vanið komur sínar í húsið til að tala við þá, sem þar bjuggu. Einn þeirra hafi átt hljóðfara (grammófón), sem þær hafi hlustað mikið á og þá dansað oft hver við aðra. Ákærði kveðst aldrei hafa orðið þess var, að nokkur hefði kynferðismök við telpurnar þarna. Honum hafi ekki geðjast að þessum heimsóknum þeirra og beðið þær, en án árangurs, um að hætta þeim og jafnframt hafi hann reynt að flytja burt í annað húsnæði.

Ákærði kveðst hafa fyrst séð telpuna X, sem fædd er hinn 9. febrúar 1943, á svonefndum Mjólkurbar í Vestmannaeyjum, en ekkert talað við hana í það skipti. Hann hafi séð hana aftur á þessum sama stað og orðið henni þá málkunnugur. Seinna hafi hún svo komið með kunningjastúlku sinni á Hásteinsveg 55, en þá ekkert frekar til að hitta hann en aðra íbúa hússins. Þá hafi hún komið til hans föstudagskvöldið 22. marz 1957, þar sem hann sat inni í Mjólkurbarnum, og hafi hann þá beðið hana um að fara í burtu frá honum, en þar eð hún hafi ekki orðið við því, hafi hann farið sjálfur út.

X kveðst hafa komið í heimsókn á Hásteinsveg 55, og kveður hún, að stúlkur þær, sem stundum hafi komið þangað, hafi spjallað við strákana þar og hlustað á hljómplötur. Ákærði hafi stundum kysst hana, þegar hún kom í húsið, en aðra karlmenn hafi hún ekki kysst þar.

II.

Laugardaginn 23. marz 1957 vann ákærði ekkert í Vinnslustöðinni. Eftir hádegi þann dag fór hann að neyta áfengis, og um kvöldið var hann orðinn töluvert ölvaður. Hann hitti þá fyrrgreinda telpu, X, ásamt piltinum Gunnlaugi Viðari Guðjónssyni verkamanni, Kamp Knox B-3, hér í þæ, þá 15 ára að aldri, skammt frá Samkomuhúsinu, þar sem þau höfðu verið á kvikmyndasýn-

ingu, sem X kveður, að hafi byrjað kl. 19. Að sýningunni lokinni, eitthvað fyrir kl. 21, ætlaði X að ganga með Gunnlaugi Viðari að Hásteinsvegi 55, þar sem hann bjó, en hún vissi, að þetta kvöld voru telpur þar í húsinu. Gengu þau síðan ásamt ákærða vestur Vestmannabraut að Hótel H.B. og töluðust við um stund. Gunnlaugur Viðar skrapp nú í burtu, og ætlaði X að bíða eftir honum á meðan. Bað ákærði hana þá um að koma með honum upp á Hásteinsveg 55, og gengu þau þangað.

Rétt fyrir kl. 22 hringdi M, H-veg, faðir X, á lögregluvarðstofuna og skýrði frá því, að ákærði myndi hafa farið með þessa dóttur hans heim til sín á Hásteinsveg 55, og bað um aðstoð lögreglunnar af því tilefni. Fóru lögreglumennirnir Jóhannes J. Albertz, Hásteinsvegi 37, og Sveinn Magnússon, Hvítungavegi 10, þangað ásamt M. Ljós var ekki í herbergi ákærða, og reyndist það vera læst, og var lykillinn í skránni að innanverðu. Sveinn gat séð inn í herbergið úr næsta herbergi í gegnum gat, sem var á þilinu milli þeirra, og sá þá, hvar ákærði var þar í rúmi nakinn að ofan og hafði risið upp á olnboga. Lögreglumennirnir knúðu á herbergisdyrnar, en enginn svaraði. Sögðu þeir þá, hverjir þeir væru og að þeir myndu sprengja upp hurðina, ef ekki yrði opnað. Liðu nokkrar mínútur, án þess að opnað væri. Fór Sveinn þá út og að glugga, sem var á herberginu, og sá þá, hvar X var komin með annan fótinn út um gluggann, en hún hætti við að fara út, þegar hún sá Svein. Fór hann þá aftur inn í húsið, og í sama bili voru herbergisdyr ákærða opnaðar og kom ákærði þaðan út ásamt greindri telpu. Var ákærði þá klæddur í skyrtu og buxur og telpan alklædd, en Jóhannes J. Albertz kveður, að hún hafi setið á rúminu og verið að hneppa að sér treyjunni, þegar ákærði opnaði hurðina. Sveinn Magnússon hefur sérstaklega tekið fram, að svolítill stund, og máske 5 mínútur, hafi liðið, frá því að þeir lögreglumennirnir knúðu á herbergisdyrnar, þar til ákærði opnaði þær.

Þriðjudaginn 26. marz hinn næsta á eftir hófst rannsókn málsins í sakadómi Vestmannaeyja. Framburðir ákærða og vitnisins X um það, hvað gerðist í herberginu í umrætt skipti, svo og framburðir annarra vitna, sem leidd hafa verið í málinu, hafa ekki verið alveg stöðugir eða samhljóða, og þykir því gleggst að greina frá framburði hvers þeirra sérstaklega.

Ákærði var þegar yfirheyrður hinn 26. marz, og var framburður hans þá þessi:

Hann kveðst hafa verið orðinn all-ölvaður, þegar hann og X

voru komin á Hásteinsveg 55. Hafi hann farið úr yfirfötum og lagzt upp í rúmið í herbergi sínu og sofnað, en dyrum herbergisins hafi hann hallað aftur. X og Gunnlaugur Viðar hafi verið fram á gangi, þegar hann fór að sofa. Um 15 mínútum síðar hafi hann vaknað við það, að verið var að berja á herbergishurðina, og hafi hún þá verið læst og X þá verið komin inn í herbergið. Hann hafi heyrt í bifreið úti fyrir og gert sér grein fyrir því, að þetta myndi vera lögreglan. X hafi talað um að koma sér út um gluggann, því að hún hafi haldið, að faðir hennar væri með lögreglunni, en hætt svo við að fara út um gluggann, er hún sá lögreglumann þar fyrir utan. Í sömu svifum kveðst ákærði hafa opnað dyr herbergisins. Ákærði neitaði því eindregið að hafa haft kynferðismök við X í þetta eða önnur skipti og kveðst aldrei hafa kysst hana. Þá neitaði hann því, að hún hefði farið úr fötum eða lagzt upp í rúm hjá honum. Taldi hann, að hún hefði orðið vör við, að lögreglan kom að húsinu, og viljað fela sig í herbergi hans og reyna að komast þar út.

Sama dag var vitnið Gunnlaugur Viðar Guðjónsson yfirheyrt, og bar þá eftirfarandi:

Vitnið kvað X hafa farið í burtu á gatnamótunum, og hafi það haldið, að hún hafi farið heim til sín. Vitnið hafi leitt ákærða, sem var talsvert ölvaður, heim til sín á Hásteinsveg 55. Hann hafi verið í vinnufötum, og hafi það hjálpað honum úr þeim og hann síðan farið að sofa í herbergi sínu. Hafi hann ætlað að leggja sig og láta renna af sér, áður en hann færi á dansleik um kvöldið. Ákærði hafi lokað dyrum herbergisins, en það hafi ekki heyrt hann aflæsa þeim. Um það bil hálfri klukkustund seinna hafi það komið aftur til hans, en þá hafi herbergisdýrnar verið læstar og enginn svarað, þegar það knúði á þær. Vitnið kveðst þá hafa farið inn í næsta herbergi og litið þaðan í gegnum gat á veggnum inn í herbergi ákærða, og hafi ákærði þá verið þar einn inni og sofandi. Eftir þetta hafi það farið inn í herbergi sitt og lagt sig þar og sofnað. Vitnið gizkar á, að það hafi sofið í um eina klukkustund, en rétt á eftir að það vaknaði, hafi það heyrt, að útidyr voru opnaðar og þekkt málróf X, en það hafi ekki séð hana. Telur vitnið, að hún hafi þá verið að koma inn í húsið. Síðan hafi vitnið heyrt, að barið var að dyrum hjá ákærða, og einni eða tveimur mínútum seinna hafi dýrnar verið opnaðar. Um það bil fimm mínútum seinna hafi lögreglan komið í húsið.

Vitnið Óli Jónsson verkamaður, Vesturbraut 1, Hafnarfirði, þá 17 ára að aldri, bar það sama dag, að umrætt laugardagskvöld hafi það verið eitt heima á Hásteinsvegi 55 af heimamönnum, en nokkrar stúlkur hafi verið hjá því í herbergi þess til að hlusta á hljóðfara (grammófón), sem það átti. Einhvern tíma fyrir kl. 21 hafi ákærði komið heim og litið í dyragætt herbergisins. Hafi hann boðið gott kvöld, og minnst vitnið þess ekki, að hann segði annað, og síðan hafi hann farið. Vitnið kveðst ekki hafa orðið vart við, að einhver væri með ákærða. Milli kl. 21 og 22 hafi Gunnlaugur Viðar Guðjónsson komið til þess og spurt það að því, hvort ákærði væri kominn heim. Það hafi þá sagt honum, að ákærði hefði komið heim, en væri áreiðanlega farinn út aftur, því að vitnið hafi ekki vitað annað. Hafi Gunnlaugur Viðar þá sagzt ætla að leggja sig og beðið það um að vekja sig, þegar ákærði kæmi. Vitnið minnir, að klukkan hafi verið 22.20 eða 22.25, þegar lögreglan kom í húsið, og þá hafi það fyrst vitað, að X var þar.

Eftir þenna framburð vitnisins Óla Jónssonar var vitnið Gunnlaugur Viðar Guðjónsson þegar yfirheyrt á ný. Breytti það nú framburði sínum og bar á þenna veg:

Vitnið kveðst hafa skilið við ákærða og X hjá hótél H. B., og hafi hann sagt því, að hún ætlaði að fylgja honum heim. Vitnið hafi síðan farið inn í Vinnslustöð til að hitta féлага sína þar, og hafi klukkan þá verið um 21. Um það bil 15 mínútum seinna hafi það komið heim til sín á Hásteinsveg 55 og ætlað þá inn til ákærða, en herbergi hans verið læst. Hafi hann þá kíkt inn um gat á veggnum inn í herbergið, og séð þá rétt á höfuð ákærða, þar sem hann lá, að því er virtist sofandi, í rúmi sínu og sneri til veggjar. Aðra hafi það ekki séð inni í herberginu, en það hafi ekki séð um allt herbergið og slökkt hafi verið í því. Það kveðst hafa barið að dyrum herbergisins og kallað, en ákærði hafi engu svarað. Vitnið kveður sig hafa grunað, að X væri inni í herberginu, þar sem ákærði var búinn að segja því, að hann ætlaði að láta hana fylgja sér heim. Það hafi síðan lagt sig og sofnað, en vaknað 4—5 mínútum áður en lögreglan kom í húsið. Jafnframt viðurkenndi vitnið nú, að ákærði hefði að kvöldi laugardagsins 23. marz og að morgni sunnudagsins 24. marz beðið það um að hjálpa honum úr þeirri klípu, sem hann væri kominn í, þar sem talið myndi verða, að hann hefði verið að eiga við X, en hann hafi neitað því við vitnið, að hafa gert það, og hefði hann verið sofandi allan tímann, sem

hún var inni í herberginu. Hafi hann beðið vitnið um að bera það, ef það yrði yfirheyrt, að það hefði heyrt X koma inn í húsið nokkrum mínútum á undan lögreglunni. Hitt, sem vitnið hefði ranglega borið, hafði það sagt frá eigin brjosti til að reyna að hjálpa ákærða.

Vitnið Óli Jónsson bætti því nú einnig við framburð sinn, að ákærði hefði, eftir að lögreglan var farin frá Hásteinsvegi 55 á laugardagskvöldið, beðið það að segja, ef hann yrði tekinn og það yfirheyrt í málinu, að X hefði komið í húsið 4 eða 5 mínútum á undan lögreglunni, en vitnið hafi neitað ákærða því.

Miðvikudaginn 27. marz voru ákærða gerðir kunnir framan-greindir framburðir vitnanna Gunnlaugs Viðars Guðjónssonar og Óla Jónssonar og viðurkenndi hann þá, að hann hefði beðið vitni þessi um að bera það, ef þau yrðu kölluð fyrir, að X hefði komið inn í húsið 4—5 mínútum á undan lögreglunni. Kveðst hann hafa gert þetta einungis til þess að koma í veg fyrir, að X lenti í vandræðum. Þá viðurkenndi ákærði, að þau hefðu farið inn í herbergi hans, en hann hafi ekki læst dyr-um þess, heldur hljóti X að hafa gert það. Þau hafi síðan talað saman í herberginu, en eftir nokkuð langan tíma hafi hann farið úr yfirfötunum og lagzt upp í rúm og sofnað, en X muni þá hafa setið á einhverjum stólnum. Loks taldi ákærði, að ekki hefði liðið meira en hálf klukkustund, frá því þau fóru inn í herbergið og þar til lögreglan kom á staðinn, og hafi hann ekki orðið var við, að bankað væri á herbergishurðina, fyrr en hún gerði það.

Fimmtudaginn 28. marz bar X vitni í málinu. Skýrði hún frá því, að ákærði hefði beðið hana um að koma inn í herbergi hans, og hafi þau bæði farið þangað inn. Ákærði hafi síðan aflæst hurð herbergisins. Hún kveðst hafa verið klædd í verkabuxur, peysu og úlpu yzt klæða, og hafi ákærði fært hana úr úlpunni. Hann hafi síðan beðið hana um að leggjast hjá honum upp í rúm, og hafi hún gert það. Hann hafi farið úr ytri föt-um sínum, en hún man ekki, hvort það var áður eða eftir að hann fór upp í rúmið. Hann hafi síðan farið að kyssa hana og fært hana úr verkabuxunum og nærbuxunum og leitast eftir að hafa mök við hana. Hún hafi færzt undan því, en að lok-um látið undan vilja hans og þau haft samfarir saman, en hún hafi ekki vitað, hvort ákærði notaði verju. Hún kveðst hafa verið uppi í rúminu hjá ákærða, þegar lögreglumenn komu á vettvang og börðu á dyrnar, en hún kveðst þá strax hafa

farið að klæða sig og verið komin í fötin, þegar ákærði opnaði hurðina. Hún kveðst hafa ætlað að fara út um gluggann á herberginu, en hætt við það, þar eð lögregluþjónn var fyrir utan gluggann. X kveður þetta hafa verið í fyrsta skipti, sem hún hafi haft mök við karlmann.

Næsta dag breytti ákærði framburði sínum á þenna veg:

Hann kveðst ekki muna, hvort hann aflæsti herberginu. Honum hafi allt í einu dottið í hug að hafa mök við X, og hafi þau lagzt upp í rúm hans. Hún hafi farið sjálf úr buxunum, en hann muni þó ekki, hvernig þetta gekk til í smáatriðum. Hann hafi svo komizt að því, þegar hann ætlaði að fara að hafa samfarir við hana, að hún var hrein mey, og hafi hann þá hætt við þetta áform sitt. Kveðst hann alls ekki hafa farið með getnaðarlim sinn inn í kynfæri hennar, þar sem hann hafi fundið strax, að hún var óspjölluð. Hann hafi síðan beðið hana um að fara og farið sjálfur að sofa, þar sem hann var bæði þreyttur og syfjaður, en hún hafi verið enn í rúmi hans, þegar hann vaknaði, er lögreglan kom. Hann kveðst hafa kysst hana einu sinni eða tvisvar í umrætt skipti.

Hinn 30. marz skoðaði Einar Guttormsson spítalalæknir X, og segir í vottorði hans sama dag m. a. þetta:

„Reyndist meyarhaftið (hymen) rifið upp að rótum, svo að allar líkur benda til þess, að stúlkan sé ekki hrein mey (virgo intacta). Engin einkenni voru um áverka og því ekkert hægt að segja um, hvenær hún hefur misst meydóm sinn. Ekki var athugað, hvort stúlkan er gravid.“

Vottorð þetta hefur lækirninn staðfest fyrir dómi.

Að þessum upplýsingum læknisins fengnum, voru bæði ákærði og vitnið X yfirheyrð nánar hinn 30. marz og hinn 1. apríl 1957.

Ákærði hélt fast við það, að hann hefði ekki haft samfarir við hana, og kveðst hafa hætt við áform sitt, þegar hann fann fyrirstöðu, að meyarhaft hennar var órofið og að hún kvartaði um sársauka. Hafi hann ekki viljað eiga það á hættu, að henni færi að blæða, og hafi hann heldur ekki átt við hana lengur en eina mínútu eða svo, áður en hann hætti. Ákærði kveðst aldrei hafa spurt X um aldur, og hafi hann haldið, að hún væri 15 ára gömul.

Vitnið X taldi aðspurð, að ákærði hefði ekki farið með getnaðarlim sinn inn í kynfæri hennar og að hann hefði ekki rofið meyarhaft hennar. Var henni bent á það, að læknisskoðun hefði

leitt í ljós, að haftið væri slitið, og kvað hún þá, að engum öðrum væri þar til að dreifa en ákærða, sem hlyti að hafa rofið það. Hún kveðst alltaf hafa verið þeirrar skoðunar, þrátt fyrir fyrri framburð sinn, að ákærði hefði ekki átt við hana fullkomnar samfarir og að hann hafi ekki farið með lim sinn inn fyrir haftið, og viti hún ekki, hvort hann hafi verið með liminn að því. Þetta hafi staðið yfir aðeins stutta stund, en þá hafi hann hætt án þess að segja hvers vegna. Það hafi verið þessi mök ákærða við hana, sem hún hafi átt við, þegar hún bar það fyrir í málinu, að hann hefði haft samfarir við hana. Hún kveðst hafa fundið til nokkurs sársauka, er hún var með ákærða, en heldur, að ekkert blóð hafi komið úr henni. Hún heldur, að honum hafi ekki orðið sáðfall. Hún hefur haldið fast við það, að hann hafi fært hana úr buxunum, og kveður það vera rangt hjá honum, að hann hafi beðið hana um að fara, eftir að hann hætti að eiga við hana. Þá telur hún, að hann hafi alls ekki verið undir áhrifum áfengis, og hafi hún ekki fundið vínlykt af honum. Að öðru leyti telur hún framburð ákærða vera réttan, þar á meðal að hann hafi hætt við samfarir, er hann fann, að meyjarhaftið var órofið.

Samkvæmt framansögðu þykir upplýst, að ákærði fór með getnaðarlim sinn það langt inn í kynfæri telpunnar X, að hann fann fyrirstöðu meyjarhafts og að hún kenndi nokkurs sársauka. Þá er sannað með fyrrgreindu læknisvottorði, að viku síðar var meyjarhaft telpunnar rofið, en hún kveður, að það hafi enginn annar gert en ákærði. Þykir því vera lögfull sönnun fram komin fyrir því, að ákærði hefur haft samræði í lagalegri merkingu þess orðs við telpuna. Enn fremur þykir með hliðsjón af hinum verulega aldursmun þeirra, en hann var þá á 26. ári, en hún aðeins nýlega 14 ára, svo og að öðru leyti með tilvísun til málavaxta, eins og þeir hafa verið raktir hér að framan, nægilega sannað, að hann hefur með yfirburðum aldurs og reynslu tælt hana til samræðisins.

Hefur ákærði með þessu atferli sínu gerzt brotlegur gegn 200. gr., 2. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 og 44. gr., 1. mgr., laga nr. 29 9. apríl 1947 um vernd barna og ungmenna. Þá hefur ákærði, með því að telja vitnið Gunnlaug Viðar Guðjónsson á að bera vísvitandi rangt fyrir dómi um málsatvik, gerzt brotlegur gegn 142. gr., 1. mgr., sbr. 22. gr., 1. mgr., hegningarlaganna, og með því að gera tilraun til

að telja vitnið Óla Jónsson á að bera vísvitandi rangt fyrir dómi um málsatvik, brotið gegn 142. gr., 1. mgr., sbr. 20. gr., 1. mgr., og 22. gr., 1. mgr., sömu laga.

Þykir refsing ákærða með hliðsjón af 77. gr., 1. mgr., hegningarlaganna og með tilliti til fyrri refsidóma hans hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði.

Samkvæmt 68. gr., 3. mgr., hegningarlaganna ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs verjanda síns í málinu, Arnar Clausens hdl., kr. 1500.00.

Dráttur hefur orðið á máli þessu, og þykir nauðsynlegt að gera eftirfarandi grein fyrir honum. Dómsrannsókn málsins hófst í sakadómi Vestmannaeyja 26. marz 1957, eins og þegar hefur verið tekið fram, og var henni lokið 1. næsta mánaðar. Málið var síðan sent til fyrirsagnar dómsmálaráðuneytisins, og með bréfi þess, dags. 27. ágúst sama ár, var lagt fyrir sakadóm Reykjavíkur að kveða upp dóm í málinu samkvæmt ákæruskjali, dags. sama dag. Ákærði dvaldi þá ekki hér í bænum, og með bréfi, dags. 3. marz 1958, sendi dómariinn bæjarfógetanum á Akranesi málið til meðferðar, þar eð ákærði dvaldist þar við byggingu Sementsverksmiðjunnar. Með bréfi, dags. 6. janúar s.l., endursendi bæjarfógetinn á Akranesi sakadómi Reykjavíkur málið, þar eð ákærði væri farinn frá Akranesi og myndi vera kominn til Reykjavíkur. Hinn 9. apríl s.l. tókst að hafa upp á ákærða hér í bænum, og var honum þá birt ákæruskjal í málinu og þingfestingardagur þess ákveðinn 5. maí s.l., en verjandi ákærða, Örn Clausen, fékk honum frestað um eina viku. Málið var síðan þingfest og tekið til dóms 12. maí s.l. Með bréfi, dags. 19. maí s.l., óskaði dómurinn eftir því við bæjarfógeta Vestmannaeyja, að hann létí fara fram framhaldsrannsókn um nokkur tiltekin atriði málsins, og barst dómnum sú rannsókn 3. f. m., en ekki tókst að kunngera verjanda ákærða efni hennar fyrr en í dag, 27. ágúst.

Dómsorð:

Ákærði, Tryggvi Gunnarsson, sæti fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs verjanda síns í málinu, Arnar Clausens hdl., kr. 1500.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 18. október 1960.

Nr. 19/1958. **Sigríður Ögmundsdóttir**

og

Sjúkrasamlag Njarðvíkurhrepps

(Jón N. Sigurðsson hrl.)

gegn

Claudia Owen (Guðmundur Ásmundsson hrl.)

og gagnsök.

Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. febrúar 1958, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. s. m. Aðaláfrýjandi Sigríður Ögmundsdóttir gerir þær dómkröfur, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 125.066.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 16. september 1953 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Aðaláfrýjandi Sjúkrasamlag Njarðvíkurhrepps krefst þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 8087.44 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. marz 1954 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 8. júlí 1958, að fengnu áfrýjunarleyfi 2. s. m. Hann krefst aðallega sýknu, en til vara lækkunar dæmdra fjárhæða, og að aðaláfrýjendum verði in solidum dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Ný gögn, er eigi komu fram í héraði, hafa verið lögð fram í Hæstarétti, þar á meðal endurrit dómprófa, sem háð voru á árunum 1953 og 1954 um slys það, sem mál